

Borgarnes, 18. maí 2021

Kæra fulltrúar Byggðarráðs Borgarbyggðar,

Dagana 7. - 11. júlí fer fram Fjórðungsmót Vesturlands á félagssvæði Hestamannafélagsins Borgfirðings í Borgarnesi og búast mótshaldarar við því að um 2000 gestir heimsæki mótið yfir þessa 5 daga. Mótstjórn hefur lagt mikla vinnu í að skipuleggja stóran viðburð með flottri dagskrá og verður viðburðurinn mun stærri en bara hestamót fyrir hestamenn. Þessa daga getur öll fjölskyldan sameinast í Borgarnesi og gert sér glaðan dag þar sem allir finna sér eitthvað skemmtilegt við hæfi.

- Mótstjórn gerir ráð fyrir að fá rúmlega 2000 manns á Hestamótið og auk þess verður mikill hópur sem kemur til okkar í mat og drikki.
- Landbúnaðarsýning & sveitamarkaður verður haldinn í Reiðhöllinni samhliða mótinu þar sem fyrirtækjum og öðrum framleiðendum úr héraði gefst kostur á að kynna vörur sínar. Ásamt því verður Íslandsmótið í járningum haldið á mótinu.
- Reykjavík Street-Food matarvagnarnir verða á staðnum alla helgina og gert er ráð fyrir beinni útsendingu á K100 á föstudeginum hjá Loga Bergmanni og Sigga Gunnars, önnur helgin í júlí og landinn á faraldsfæti innanlands og við með ógnarsterkt aðdráttarafl á svæðinu.
- Mótinu verður streymt um allan heim á Alendis TV. Unnið er að því að fá RÚV til að sýna beint frá úrslitadeginum 11. júlí.
- Landsýning kynbótahrossa verður dagskráliður á mótinu en það er stór viðburður þar sem hæðst dæmdu kynbótahross af öllu landinu koma fram og því fylgir stór áhorfendahópur.
- Mótstjórn er í nánú samstarfi við Almannavarnir að undirbúningi viðburðarins og munum ganga í takt við sóttvarnarreglur á þessum tíma.

Mótstjórn vill með bréfi þessu óska eftir góðu samstarfi við Borgarbyggð og markaðsfulltrúa Borgarbyggðar ásamt öflugri aðkomu sveitarfélagsins að framkvæmd viðburðarins til að gera hann eins veglegan og hægt er. Samstíga getum við gert þetta að ógleymanlegum viðburði fyrir allt héraðið og áhugasama ferðalanga.

Mótstjórn vill óska eftir stuðningi með eftirfarandi:

- Hirðing og sorpmál á svæðinu
- Fánaborgir frá sveitafélaginu
- Gæti Borgarbyggð t.d. gefið 1 fría sundferð fyrir hvern gest sem kaupir miða á mótið?
- Aðstoða við að koma upp bráðabirgða vegi frá Atlantsólíu plani að hesthúsahverfi svo ekki skapist hætta á þjóðvegi vegna aðgangshliðs inn á svæðið.

Mótstjórn er að teikna upp samstarf við K100 um beinar útsendingar frá viðburðinum þessa daga en samkvæmt upplýsingum sem borist hafa til okkar frá K100 er að í gangi séu viðræður við Borgarbyggð um að útvarpsstöðin heimsæki Borgarnes einhverja helgi í sumar. Vill mótstjórn leggja til þá hugmynd að hafa þessa helgi þegar Fjórðungsmótið er í gangi og hámarka þannig hávaðann til landsmanna um að mæta í Borgarnesið.

Endilega skoðið þetta fyrir okkur galopnum huga, við hlökkum mikið til að vinna þetta áfram með ykkur.

Góðar kveðjur,